

KIRKJUGARÐARÁÐ

151. fundur haldinn mánudaginn 14. maí 2018 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins. Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands boðaði forföll. Ragnildur ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru Jóhannes Finnur Halldórsson og fulltrúar frá stjórn Prestafélags Íslands. Þau séra Ninna Sif Svavarsdóttir, formaður og séra Páll Ágúst Ólafsson, kjarafulltrúi, sátu fundinn undir 2. lið. Guðný Gerður Gunnarsdóttir, minjavörður Reykjavíkur, sat fundinn undir 5. lið.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar lögð fram.

Fundur var settur kl. 14:00.

Fundargerð síðasta fundar var frestað til næsta fundar.

2. Kostnaður kirkjugarða vegna prestsþjónustu við útfarir.

Jóhannes Finnur Halldórsson kynnti greiðslur vegna grafarkostnaðar og vegna prestsþjónustu við útfarir. Kirkjugarðar greiða þennan kostnað úr “grafarsjóði”. Fram kom að kostnaður vegna prestsþjónustu við útfarir hefur frá árinu 2013 hækkað um 60% án þess að framlög frá ríkinu hafi hækkað að sama skapi.

Formaður kynnti eina af breytingartillögum kirkjugarðaráðs á frumvarpi til breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Breytingatillagan fjallar um brottfall ákvæðis sem skyldar kirkjugarða að greiða fyrir prestsþjónustu við útfarir. Kirkjugarðaráð taldi rétt að kynna tillögu þessa fyrir stjórn P.Í.

3. Athugun einstakra kirkjugarða á málsókn við ríkið vegna vanefnda á samningi ríkissjóðs og kirkjugarðaráðs frá 15. apríl 2005, um framlag úr ríkissjóði til starfsemi kirkjugarða.

Málinu frestað.

4. Aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands í Vestmannaeyjum.

Þórsteinn gerði grein fyrir fyrirhuguðum aðalfundi sambandsins sem haldinn verður í Vestamanneyjum 9. júní nk.

5. Kynning Minjastofnunar Íslands á erindum vegna framkvæmda í og við hinn forna Víkurgarð.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir kynnti, að beiðni forstöðumanns Minjastofnunar, erindi sem borist hafa Minjastofnun vegna framkvæmda í og við hinn forna Víkurgarð. Þar er m.a. verið að óska eftir leyfi til að setja upp í garðinum rafstöð til bráðabirgða og staðsetja þar byggingakrana. Gerður Guðný kvað Minjastofnun hafa leiðbeint viðkomandi verktaka um að sækja um leyfi til dómsmálaráðuneytis vegna þessara aðgerða.

6. Næsti fundur.

Næsti fundur verður haldinn 11. júní nk.

7. Önnur mál.

Ekkert rætt undir þessum lið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl 16:30

Ragnhildur Benediktsdóttir,
Formaður og fundarritari